

## 2. gr.

49

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærsluveit eiga, eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Mosfellshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á jörðum þeim, sem um ræðir í lögum þessum.

## 3. gr.

Reykjavíkurborg kaupstaður greiðir Mosfellshreppi í eitt skifti fyrir öll fimmtán þúsund krónur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*

## L Ö G

50

um

14. júní

**innflutning og ræktun sauðnauta.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem því verður við komið, kaupa eða hlutast til um, að flutt verði til landsins nokkur sauðnaut til tilraunaræktunar.

## 2. gr.

Ríkisstjórnin getur falið Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með sauðnautaræktinni, velja haglendi fyrir dýrin og semja um haggöngu og gæzlu þeirra.

**50** Áherzla skal lögð á, þegar haglendið er valið, að lífsskilyrðin fyrir 14. júní dýrin verði sem ákjósanlegust og að öruggt sé, að dýrin geti ekki tapast.

3. gr.

Nú fjölgar sauðnautum og tilraunir benda til, að ræktun þeirra muni verða arðvænleg, og skal þá selja bændum sauðnaut til uppeldis við sanngjörnu verði, svo sem bústofninn leyfir.

4. gr.

Nauðsynlegan kostnað, sem af þessu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*

**51**  
14. júní

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1927.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum 1927, eru veittar kr. 890309,26 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—10. gr. hér á eftir,